

AUGLÝSING**um skipulag í Barðastrandarhreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu.**

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins, hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19/21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964, skuli ná til Barðastrandarhrepps í Vestur-Barðastrandarsýslu, að undanskyldum nauðsynlegum byggingarframkvæmdum vegna búrekstrar.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. júní 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 218.

25. júní 1973.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 4/28. janúar 1972 um breytingu á reglugerð um bann við veiði smásildar nr. 7/22. febrúar 1966, og um bann við loðnuveiðum.

Í stað orðanna: „1. september 1973“ í 1. málsgrein ákvæðis til bráðabirgða komi orðin: 1. september 1974.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44/5. apríl 1948, um visindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. júní 1973.

Lúðvík Jósepsson.

Jón L. Arnalds.

Nr. 219.

27. júní 1973.

REGLUR

um félagsheimilið Fjarðarborg.

1. gr.

Nafn félagsheimilisins er Fjarðarborg í Borgarfjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu. Lóðin er fengin endurgjaldslaust hjá Borgarfjarðarhreppi.

Lóðarstærð er 2530 fermetrar, og afmarkast þannig: til austurs 20 m frá húshlið í átt að þorpsgötu, til suðurs 8 m frá húshlið, til vesturs 10 m frá húshlið, til norðurs 8 m frá húshlið.

Eigendur félagsheimilisins eru:

Ungmennafélag Borgarfjarðar eignarhluti 48%; Borgarfjarðhreppur eignarhluti 25%; Verkalýðsfélag Borgarfjarðar eignarhluti 15%; Kvenfélagið Eining eignarhluti 12%.

2. gr.

Húsnefnd, kjörin árlega, stjórnar félagsheimilinu. Hún skal skipuð 7 fulltrúum frá eigendum, þannig að Ungmennafélag Borgarfjarðar tilnefnir 3 fulltrúa,